

NJARÐARSKJÖLDUR



FERÐAMANNAVERSLUN
ÁRSINS

Njarðarskjöldur og Freyjusómi 2013

Harpa – Björtuloft

20. feb. 2014 / 17:00 – 19:00

Dagskrá:

- 17:00 Ljúfir borgartónar og léttar veitingar draga að boðsgesti.
- 17:20 Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar, býður fólk velkomið.
- 17:30 Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, fjallar um mikilvægi ferðamannaverslunar á Íslandi.
- 17:40 Sólmundur Hólm, skemmtikraftur, fer með gamanmál um verslunarrekstur á Íslandi.
- 18:00 Kaupmenn fjallar um mikilvægi samstöðu verslunareigenda og áhrif á nærumhverfið.
- 18:10 Afhending á Njarðarskyldi og Freyjusóma 2013.
- 18:35 Ljúfir borgartónar í boði Tómasar R. Einarssonar og Eypórs Gunnarsson
- 19:00

Léttar veitingar

Njarðarskjöldur og Freyjusómi afhentir í Hörpu

Njarðarskjöldurinn og Freyjusómi eru viðurkenningar og hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar sem veitt eru árlega til verslana eða verslunareigenda fyrir góða þjónustu og ferskan andblæ í ferðaþjónustu.

Njarðarskjöldur 2013

Njarðarskjöldur er hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar, Miðborgarinnar okkar, Félags atvinnurekenda, Samtaka verslunar og þjónustu, Kaupmannasamtök Íslands, Global Blue á Íslandi og Tax Free Worldwide – Ísland.

Njarðarskjöldurinn er nú veittur í átjándra sinn en markmið verðlaunanna er að hvetja til bættrar og aukinnar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík.

Njörður, sem skjöldurinn er kenndur við, var upphaflega frjósemisguð en síðar guð sæfarenda og sagður fésæll mjög. Sæfarendur þess tíma stunduðu gjarnan kaupskap og því við hæfi að kenna árleg hvatningarverðlaun til ferðamannaverslunar við guð siglinga og viðskipta.

Við tilnefningu ferðamannaverslunar ársins er leitast við að verðlauna þá verslun sem hefur náð hvað bestum söluárangri til erlendra ferðamanna milli ára. Horft er til markaðs- og kynningarmála, svo sem auglýsinga, vefs og útlits almennt. Aðrir þættir eru einnig skoðaðir sérstaklega svo sem þjónustulund, opnunartími, merkingar um endurgreiðslu virðisauka, lýsing, tungumálakunnátta starfsfólks og þekking á söluvörum.

Freyjusómi 2013

Freyjusómi er hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar, Miðborgarinnar okkar, Félags atvinnurekenda, Samtaka verslunar og þjónustu, Kaupmannasamtök Íslands, Global Blue á Íslandi og Tax Free Worldwide – Ísland.

Freyjusómi er viðurkenning sem nú er afhent í þriðja en viðurkenningin er veitt rekstraraðila sem talinn er sýna gott fordæmi og samfélagslega ábyrgð í framgöngu sinni ásamt því að búa yfir eiginleikum er stuðla að bættri ásýnd og auknum ferskleika verslunarreksturs í borginni.

Nafn viðurkenningarinnar er sótt í norræna goðafræði líkt og nafn Njarðarskjaldarins. Freyja var gyðja frjósemi og þykir vel við hæfi að tengja nafn Freyju viðurkenningu þar sem fersk nálgun og frjó hugsun eru lykilviðmið.

Njarðarskjöldur 2013

Gilbert úrsmiður

Laugavegi 62



Verslunin Gilbert úrsmiður hefur skapað sér ákveðna sérstöðu hvað varðar sölu til erlendra ferðamanna og hefur salan hjá fyrirtækinu aukist jafnt og þétt á milli ára. Helsta vörumerki fyrirtækisins er JS Watch co. Reykjavík þar sem er íslenskt hugvit, hönnun og framleiðsla eru innblásin af hinni síbreytilegu íslensku náttúru.

Frá upphafi hafa þeir félagar, Gilbert Ó Guðjónsson úrsmiður, Grímkei Sigurpórssona hönnuður, Sigurður Gilbertsson úrsmiður og Júlíus Heiðarsson flugstjóri leitast við að sameina glæsilega hönnun, vandað úrverk og falleg armbönd. Áreiðanleiki og gæði úranna hafa m.a. leitt til þess að þyrluflugmenn Landhelgisgæslunnar eru í hópi þeirra sem hafa valið að nota úrin við þær krefjandi aðstæður sem þeir glíma við á hverjum degi.

Gilbert úrsmiður hefur lagt sitt af mörkum við að hvetja til bættrar verslunar og þjónustu við ferðamenn. Persónuleg þjónusta og góð vörubekking er aðalsmerki verslunarinnar þar sem viðskiptavinir eiga kost á að hitta framleiðendur, fá að sjá úrsmiði að störfum og koma með ábendingar varðandi samsetningu og útlit þeirra úra sem þeir hyggjast kaupa.

Heildstæð áferð og framúrstefnuleg ásýnd markaðs- og kynningarmála JS Watch co. Reykjavík hefur vakið athygli bæði innanlands og utan. Þar má nefna frumlega auglýsingaherferð sem vakti mikla athygli í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum þar sem Gilbert sjálfur klæddist geimfarabúningi og ráfaði um miðborg Reykjavíkur og heilsaði upp á gesti og gangandi.

Persónuleg þjónusta og árangursríkt markaðs- og kynningarstarf hefur leitt til þess að úrin hafa orðið eftirsótt meðal heimsfrægra einstaklinga á borð við Jude Law, Tom Cruise, Dalai Lama, Viggo Mortensen og Yoko Ono sem eignast hafa úr frá Gilberti úrsmiði.

Í ljósi alls þessa er það sannur heiður að veita forsvarsmönnum Gilberts úrsmiðs Njarðarskjöldinn 2013.

Freyjusómi 2013

Ófeigur Gullsmiður

Skólavörðustíg 5



Ófeigur gullsmiðja, hlýtur Freyjusómann að þessu sinni fyrir gott fordæmi og ferska nálgun í verslunarrekstri á ferðamannamarkaði árið 2013.

Ófeigur gullsmiðja er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfandi frá 1992 og hefur ávallt leitað frumlegra leiða til að hafa jákvæð áhrif á nærumhverfi sitt með því að tvinna saman séríslenska framleiðslu, listviðburði, menningarstarf og verslunarrekstur.

Hjónin Ófeigur Björnsson, gullsmiðameistari og myndhöggvari, og kona hans Hildur Bolladóttir, kjólameistari og hönnuður, hafa rekið verslunina frá upphafi með mikilli þrýði og hafa undanfarin misseri einnig notið sívaxandi krafta sonar síns Bolla Ófeigssonar, gullsmiðameistara.

Verslunarrýmið að Skólavörðustíg 5 er hús með sál, þar sem fram fer afar fjölbreytt og athyglisverð starfsemi. Á efri hæð hússins rekur fjölskyldan sýningarsal þar sem haldnar hafa verið yfir 250 listasýningar með yfir 400 listamönnum, jafnt innlendum sem erlendum. Óhætt er að segja að um þetta hús svífi andi fegurðar og lista sem er sannarlega þess virði að kynnst.

Ófeigur gullsmiðja hefur á undanförunum árum axlað umtalsverða samfélagslega ábyrgð með fjölbreytilegt tónleikahald í bakgarði gullsmiðjunnar, uppsetningu metnaðarfullra myndlistarsýninga og frumkvöðlastarfi við að koma á hverfahátíðunum á borð við Baconhátíðina, Blómadag og Kjötsúpudag sem hafa komið með ferskan andblæ inn í menningarlíf miðborgarinnar.

Ófeigur gullsmiðja þykir efla ferskan andblæ í verslun og þjónustu við erlenda ferðamenn í Reykjavík og spegla í senn frjóa hugsun og ferska nálgun í rekstri sínum og framgöngu. Öll sú viðleitni fyrirtækisins sem hér er upp talin hefur ekki einasta stuðlað að styrkingu Skólavörðustígs heldur eflt ímynd fyrirtækisins sjálfs allverulega og veitt því ásýnd sköpunargleði og samfélagslegrar ábyrgðar.

Það er því sannur heiður að veita forsvarsmönnum Ófeigs gullsmiðju Freyjusómann 2013.

Njarðarskjöldur og Freyjusómi - Verðlaunahafar

Njarðarskjöldur

2013	Gilbert Úrsmiður
2012	Viking Store
2011	Aurum
2010	Gullkunst Helgu
2009	Blue Lagoon
2008	Kraum
2007	IÐA
2006	12 Tónar
2005	Franch Michelsen
2004	ELM
2003	Veiðihornið
2002	66° North
2001	Penninn
2000	Víkurþjón
1999	Rammagerðin
1998	Sævar Karl
1997	Flex
1996	Mál og Menning

Freyjusómi

2013	Ófeigur Gullsmiður
2012	Eggert Feldskeri
2011	Nostalgía